

**Athugasemdir og spurningar
Þorkels Helgasonar**

Jákvætt með grænu
Neikvætt rautt

Engin dómur um svart,
heldur ekki þar sem reitur er auður

9. febrúar 2016

SN2013 20jan

**Frv. drög stjórnarskrárnefndar
frá 19. nóv. 2015**

Í vinnslu 20. janúar 2016

SEN:

**Breytt frv. með breytingartillögum við
frumvarp til stjórnarskipunarlaga um
stjórnarskrá lýðveldisins Íslands**

**Frá meiri hluta stjórnarskipunar- og eftirlitsnefndar
(VBj, Ál, LGeir, MT, MSch)**

141. löggjafarþing 2012–2013.
Þingskjöl 1111 og 1112 — 415. mál.

SLR:

Frumvarp stjórnlagaráðs

Lagt fram 29. júlí 2011

	1. gr.	113. gr.	111. gr.
	Við 21. gr. stjórnarskrárinnar bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:	Framsál ríkisvalds.	Framsál ríkisvalds.
	21. gr., 1. mgr., 1. málsl.	113. gr., 3. mgr.	111. gr., 2. mgr.
SLR: Engin krafa um aukin meiri hluta á Alþingi. SEN: Krafist 3/5 (=60%) meiri hluta, en ella þjóðaratkvæðagreiðsla. SN2013: Krafist 2/3 (=67%) meiri hluta, sjá þó 3. mgr. Ekki vísun til þjóðarinnar. Mun þrengra ákvæði. Ákvæðið heimilar ekki aðild að ESB. Einkennilegt að þetta skuli ekki gert skýrt í athugasemdum með frumvarpi. Aðild að ESB yrði því jafngildi stjórnarskrárbreytingar, en eftir 2017 hefur þjóðin enga beina aðkomu að stjórnarskrárbreytingum.	Samningar sem fela alþjóðlegum stofnunum, sem Ísland á aðild að, meðferð tiltekinn valdheimilda ríkisins þurfa samþykki minnst 2/3 hluta atkvæða á Alþingi. ...	Með lögum skal afmarka nánar í hverju framsal ríkisvalds samkvæmt þjóðréttarsamningi felst. Lög sem heimila framsal ríkisvalds þurfa samþykki 3/5 hluta atkvæða á Alþingi. Náist ekki sá meiri hluti atkvæða en þó einfaldur meiri hluti skulu lög borin undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar.	Með lögum skal afmarka nánar í hverju framsal ríkisvalds samkvæmt þjóðréttarsamningi felst.
	21. gr., 1. mgr., 2. málsl.	113. gr., 1. mgr., 1. málsl.	111. gr., 1. mgr., 1. málsl.
Gott að SN2103 setur það skilyrði "... að stofnanir virði lýðræðislegar grundvallarreglur".	... Áskilið er að slíkur samningur sé í þágu friðar eða efnahagsframfara, þar sé byggt á gagnkvæmum skyldum samningsaðila og að stofnanir virði lýðræðislegar grundvallarreglur. ...	Heimilt er að gera þjóðréttarsamninga í þágu friðar, efnahagssamvinnu eða réttarvörslu sem fela í sér framsal tiltekinn þátta ríkisvalds sem íslensk stjórnvöld fara með samkvæmt stjórnarskrá þessari til alþjóðlegra stofnana sem Ísland á aðild að eða ef um er að ræða alþjóðasamvinnu sem Ísland tekur þátt í ...	Heimilt er að gera þjóðréttarsamninga sem fela í sér framsal ríkisvalds til alþjóðlegra stofnana sem Ísland á aðild að í þágu friðar og efnahagssamvinnu. ...
	21. gr., 1. mgr., 3. málsl.	113. gr., 1. mgr., 2. málsl.	
	... Framsal ríkisvalds skal ávallt vera á takmörkuðu sviði, skýrt afmarkað Þó er óheimilt að framselja ríkisvald til að breyta stjórnarskránni eða mörkunum íslensks yfirráðasvæðis eða til takmörkunar á mannréttindum umfram heimildir í stjórnarskrá.	
	21. gr., 1. mgr., 3. málsl. frh.	113. gr., 2. mgr.	111. gr., 1. mgr., 2. málsl.
	... og afturkræft.	Framsál ríkisvalds skal ávallt vera afturkræft. Dómstólar geta ávallt endurmetið efni, umfang og lögmati framsals í ljósi meðferðar alþjóðastofnunar á framseldum valdheimildum á hverjum tíma.	... Framsal ríkisvalds skal ávallt vera afturkræft.
	21. gr., 2. mgr.		
Hér er SN2013 með atriði sem SLR velti fyrir sér.	Nú felur samningur samkvæmt 2. mgr. í sér útfærslu á þegar gerðum samningi án eðlisbreytingar þeirrar samvinnu sem liggur til grundvallar og er þá samþykki meiri hluta atkvæða á Alþingi nægilegt.		

Athugasemdir og spurningar
Þorkels Helgasonar

Jákvætt með grænu
Neikvætt rautt

Engin dómur um svart,
heldur ekki þar sem reitur er auður

SN2013 20jan

Frv. drög stjórnarskrárnefndar
frá 19. nóv. 2015

SEN:

Breytt frv. með breytingartillögum við
frumvarp til stjórnarskipunarlaga um
stjórnarskrá lýðveldisins Íslands

SLR:

Frumvarp stjórnlagaráðs

Frá meiri hluta stjórnarskipunar- og eftirlitsnefndar
(VBj, Ál, LGeir, MT, MSch)

	2. gr. a.	34. gr.	33. gr.
	Á eftir 78. gr. stjórnarskrárinnar koma þrjár nýjar greinar, 79.-81. gr.	Náttúra Íslands og umhverfi.	Náttúra Íslands og umhverfi.
	79. gr., 1. mgr.	34. gr., 1. mgr.	33. gr., 1. mgr.
Til bóta hjá SN2013.	Náttúra Íslands er undirstaða lífs í landinu. Ábyrgð á vernd náttúru og umhverfis hvílir sameiginlega á öllum og skal verndin grundvallast á varúðar- og langtímasjónarmiðum með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Studlað skal að því að fjölbreytni náttúrunnar sé viðhaldið og vöxtur lífríkis og viðgangur tryggður.	Náttúra Íslands er undirstaða lífs í landinu. Öllum ber að virða hana og vernda. Í því felst að fjölbreytni lands og lífríkis sé viðhaldið og náttúruminjar, óbyggð víðerni, gróður og jarðvegur njóti verndar. Fyrri spjöll skulu bætt eftir föngum. ...	Náttúra Íslands er undirstaða lífs í landinu. Öllum ber að virða hana og vernda.
		34. gr., 2. mgr.	33. gr., 3. mgr.
		Nýtingu náttúrugæða skal haga þannig að þau skerðist sem minnst til langframa og gildi náttúrunnar og hagsmunir komandi kynslóða séu virt.	Nýtingu náttúrugæða skal haga þannig að þau skerðist sem minnst til langframa og réttur náttúrunnar og komandi kynslóða sé virtur.
	79. gr., 2. mgr., 1. másl.		33. gr., 2. mgr.
SN2013 tekur að hluta upp ákvæði frá SLR.	Allir skulu njóta heilnæms umhverfis. ...		Öllum skal með lögum tryggður réttur á heilnæmu umhverfi, fersku vatni, ómengduðu andrúmslofti og óspilltri náttúru. Í því felst að fjölbreytni lífs og lands sé viðhaldið og náttúruminjar, óbyggð víðerni, gróður og jarðvegur njóti verndar. Fyrri spjöll skulu bætt eftir föngum.
	79. gr., 2. mgr., 2.-4. másl.	34. gr., 1. mgr., 5. másl.	33. gr., 4. mgr.
SN2013: "... og virða hagsmuni landeigenda og annarra rétthafa." Hvað merkir þetta? Geta landeigendur heft för að eigin geðþótta?	... Almennings er heimil för um landið og dvöl þar í lögmætum tilgangi. Ganga skal vel um náttúruna og virða hagsmuni landeigenda og annarra rétthafa. Í lögum skal mælt nánar fyrir um inntak og afmörkun almennaréttar.	... Með lögum skal tryggja að allir hafi aðgang að óspilltri náttúru.	Með lögum skal tryggja rétt almennings til að fara um landið í lögmætum tilgangi með virðingu fyrir náttúru og umhverfi.
	79. gr., 3. mgr.		35. gr., 2. mgr.
SN2013 tekur að hluta upp frá SLR en nokkuð veikara ákvæði.	Í lögum skal mælt fyrir um rétt allra til upplýsinga um ástand umhverfis og áhrif framkvæmda á það svo og til þátttöku í undirbúningi ákvarðana sem áhrif hafa á umhverfið.		Með lögum skal tryggja almenningi aðgang að undirbúningi ákvarðana sem hafa áhrif á umhverfi og náttúru, svo og heimild til að leita til hlutlausra úrskurðaraðila.

**Athugasemdir og spurningar
Þorkels Helgasonar**

Jákvætt með grænu
Neikvætt rautt

Engin dómur um svart,
heldur ekki þar sem reitur er auður

SN2013 20jan

Frv. drög stjórnarskrárnefndar
frá 19. nóv. 2015

SEN:

Breytt frv. með breytingartillögum við
frumvarp til stjórnarskipunarlaga um
stjórnarskrá lýðveldisins Íslands

Frá meiri hluta stjórnarskipunar- og eftirlitsnefndar
(VBj, Ál, LGeir, MT, MSch)

SLR:

Frumvarp stjórnlagaráðs

	2. gr. b.	35. gr.	34. gr.
	80. gr., 1. mgr.	Náttúruauðlindir.	Náttúruauðlindir.
Gott nýmæli hjá SN2013, en hvað merkir "að tilheyra"?	Auðlindir náttúru Íslands tilheyra íslensku þjóðinni og ber að nýta þær á sjálfbæran hátt til hagsbóta landsmönnum öllum. Ríkið hefur eftirlit og umsjón með meðferð og nýtingu auðlindanna í umboði þjóðarinnar.		
	80. gr., 2. mgr.	35. gr., 1. mgr.	34. gr., 1. mgr.
	Náttúruauðlindir og landsréttindi sem ekki eru háð einkaeignarrétti eru þjóðareign. Enginn getur fengið þessi gæði eða réttindi tengd þeim til eignar eða varanlegra afnota og aldrei má selja þau eða veðsetja. Handhafar löggjafarvalds og framkvæmdarvalds fara með forsjá og ráðstöfunarrétt þeirra í umboði þjóðarinnar.	Auðlindir í náttúru Íslands sem ekki eru háðar einkaeignarrétti eru sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar. Enginn getur fengið auðlindirnar og réttindin eða réttindi tengd þeim til eignar eða varanlegra afnota og aldrei má selja þær eða veðsetja. Handhafar löggjafar- og framkvæmdarvalds fara með forsjá, vörslu og ráðstöfunarrétt auðlindanna og réttindanna í umboði þjóðarinnar.	Auðlindir í náttúru Íslands sem ekki eru í einkaeigu eru sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar. Enginn getur fengið auðlindirnar, eða réttindi tengd þeim, til eignar eða varanlegra afnota og aldrei má selja þær eða veðsetja.
		35. gr., 2. mgr.	
Opnar SN2013 fyrir sölu á opinberum auðlindum? Eða á 2. mgr. 80. gr. að duga?		Óheimilt er að framselja beint eða óbeint með varanlegum hætti til annarra aðila réttindi yfir jarðhita, vatni með virkjanlegu afli og grunnvatni, sem og námaréttindi, í eigu ríkisins eða félaga sem alfarið eru í eigu þess. Sama gildir um réttindi yfir vatni, jarðhita og jarðefnum á ríkisjörðum umfram lágmarksréttindi vegna heimilis- og búsparfa.	
		35. gr., 3. mgr.	34. gr., 2. mgr.
SN2013 hefur enga skilgreiningu á þjóðareignum.		Til þjóðareignar skv. 1. mgr. teljast nytjastofnar og aðrar auðlindir hafsins innan íslenskrar lögsögu, auðlindir á, í eða undir hafsbótinnum utan netlaga svo langt sem fullveldisréttur ríkisins nær, vatn, þó að gættum lögbundnum réttindum annarra til hagnýtingar og ráðstöfunar þess, og auðlindir og náttúrugæði í þjóðlendum. Löggjafinn getur ákveðið að lýsa fleiri auðlindir og náttúrugæði þjóðareign, enda séu þau ekki háð einkaeignarrétti. Í eignarlöndum takmarkast réttur eigenda til auðlinda undir yfirborði jarðar við venjulega hagnýtingu fasteignar. Með lögum má kveða á um þjóðareign á auðlindum undir tiltekinni dýpt frá yfirborði jarðar.	Til auðlinda í þjóðareign teljast náttúrugæði, svo sem nytjastofnar, aðrar auðlindir hafs og hafsbots innan íslenskrar lögsögu og uppsprettur vatns- og virkjunarréttinda, jarðhita- og námaréttinda. Með lögum má kveða á um þjóðareign á auðlindum undir tiltekinni dýpt frá yfirborði jarðar.

Athugasemdir og spurningar
Þorkels Helgasonar

Jákvætt með grænu
Neikvætt rautt

Engin dómur um svart,
heldur ekki þar sem reitur er auður

SN2013 20jan

Frv. drög stjórnarskrárnefndar
frá 19. nóv. 2015

SEN:

Breytt frv. með breytingartillögum við
frumvarp til stjórnarskipunarlaga um
stjórnarskrá lýðveldisins Íslands

SLR:

Frumvarp stjórnlagaráðs

Frá meiri hluta stjórnarskipunar- og eftirlitsnefndar
(VBj, Ál, LGeir, MT, MSch)

35. gr., 4. mgr.

Við nýtingu auðlindanna skal hafa sjálfbæra þróun og almannahag að leiðarljósi.

34. gr., 3. mgr.

Við nýtingu auðlindanna skal hafa sjálfbæra þróun og almannahag að leiðarljósi.

35. gr., 5. mgr.

Stjórnvöld bera, ásamt þeim sem nýta auðlindirnar, ábyrgð á vernd þeirra. Stjórnvöld geta á grundvelli laga veitt leyfi til afnota eða hagnýtingar auðlinda, sem og annarra takmarkaðra almannagæða, gegn eðlilegu gjaldi og til tiltekins hóflegs tíma í senn. Slík leyfi skal veita á jafnræðisgrundvelli og þau leiða aldrei til eignar eða óafturkallanlegs forræðis.

34. gr., 4. mgr.

Stjórnvöld bera, ásamt þeim sem nýta auðlindirnar, ábyrgð á vernd þeirra. Stjórnvöld geta á grundvelli laga veitt leyfi til afnota eða hagnýtingar auðlinda eða annarra takmarkaðra almannagæða, gegn fullu gjaldi og til tiltekins hóflegs tíma í senn. Slík leyfi skal veita á jafnræðisgrundvelli og þau leiða aldrei til eignarréttar eða óafturkallanlegs forræðis yfir auðlindunum.

Á nýtingu auðlinda hvorki að miðast við almannahag né heldur sjálfbæra þróun?

80. gr., 3. mgr.

SLR vildi ótvírætt ákvæði um "fullt gjald" fyrir afnot af þjóðareignum. SEN var búið að þynna það út í "eðlilegt gjald". Nú bætir SN2013 við afar loðnu ákvæði: "Að jafnaði skal taka eðlilegt gjald fyrir ...". Af skýringartexta má ráða að engu þurfi að breyta í fiskveiðistjórnunarlögum. Er það rétt? Ef svo þá má spyrja hvaða gagn sé að þessu ákvæði. Eða öllu heldur hvort það réttlæti og festi þá ekki í sessi núv. kvótakerfi?

Að jafnaði skal taka eðlilegt gjald fyrir heimildir til nýtingar auðlinda sem eru í eigu íslenska ríkisins eða þjóðareign. Veiting nýtingarheimilda skal grundvallast á lögum og gætt skal jafnræðis og gagnsæis. Slíkar heimildir leiða aldrei til varanlegs eignarréttar eða óafturkallanlegs forræðis yfir auðlindum.

36. gr.

Upplýsingar um umhverfi og meginreglur umhverfisréttar.

35. gr.

Upplýsingar um umhverfi og málsaðild.

Allt horfið hjá SN2013

36. gr., 1. mgr.

Stjórnvöldum ber að upplýsa almenning um ástand umhverfis og náttúru og áhrif framkvæmda þar á. Stjórnvöld og aðrir skulu upplýsa um aðsteðjandi náttúruvá, svo sem umhverfismengun.

35. gr., 1. mgr.

Stjórnvöldum ber að upplýsa almenning um ástand umhverfis og náttúru og áhrif framkvæmda þar á. Stjórnvöld og aðrir skulu upplýsa um aðsteðjandi náttúruvá, svo sem umhverfismengun.

36. gr., 2. mgr.

Við töku ákvarðana um náttúru Íslands og umhverfi skulu stjórnvöld byggja á meginreglum umhverfisréttar.

35. gr., 3. mgr.

Við töku ákvarðana um náttúru Íslands og umhverfi skulu stjórnvöld byggja á meginreglum umhverfisréttar.

37. gr.

Dýravernd.

37. gr., 1. mgr.

Með lögum skal kveðið á um vernd dýra gegn illri meðferð og vernd dýrategunda í útrýmingarhættu.

36. gr.

Dýravernd.

36. gr., 1. mgr.

Með lögum skal kveðið á um vernd dýra gegn illri meðferð og dýrategunda í útrýmingarhættu.

**Athugasemdir og spurningar
Þorkels Helgasonar**

Jákvætt með grænu
Neikvætt rautt

Engin dómur um svart,
heldur ekki þar sem reitur er auður

SN2013 20jan

Frv. drög stjórnarskrárnefndar
frá 19. nóv. 2015

SEN:

Breytt frv. með breytingartillögum við
frumvarp til stjórnarskipunarlaga um
stjórnarskrá lýðveldisins Íslands

SLR:

Frumvarp stjórnlagaráðs

Frá meiri hluta stjórnarskipunar- og eftirlitsnefndar
(VBj, Ál, LGeir, MT, MSch)

2. gr. c.		66. gr.	65. gr.
<i>81. gr., 1. mgr., 1.-2. málsl.</i>		<i>Málskot til þjóðarinnar. 66. gr., 1. mgr., 1.-3. málsl.</i>	<i>Málskot til þjóðarinnar. 65. gr., 1. mgr., 1.-3. málsl.</i>
SLR og SEN lögðu til að 10% kjósenda gæti krafist atkvæðagreiðslu um nýsamþykkt lög. SLR var tvístígandi um 10% eða 15%. SN2013 tekur hærrí prósentuna upp. SLR og SEN lögðu til 3 mán. frest til að safna undirskriftum. SN2013 styttingu þetta í 4 vikur (einn mánuð), sem gefur næsta ekkert ráðrúm Þrengir kostinn mjög. Þingmeirihluti gæti samþykkt umdeild lög skömmu fyrir jól og þá eru strax tvær vikur horfnar.	Fimmtán af hundraði kosningarbærra manna geta krafist þess að nýsamþykkt lög verði borin undir þjóðina í almennri, leynilegri og bindandi atkvæðagreiðslu. [Sama gildir um ályktanir samkvæmt lögum sem hafa réttaráhrif og varða náttúru Íslands og umhverfis]. Kröfuna ber að leggja fyrir ráðherra innan fjögurra vikna frá birtingu laganna ...	Tíu af hundraði kjósenda geta krafist þjóðaratkvæðis um lög sem Alþingi hefur samþykkt. Kröfuna ber að leggja fram innan þriggja mánaða frá samþykkt laganna. Lögin falla úr gildi ef kjósendur hafna þeim, en annars halda þau gildi sínu. ...	Tíu af hundraði kjósenda geta krafist þjóðaratkvæðis um lög sem Alþingi hefur samþykkt. Kröfuna ber að leggja fram innan þriggja mánaða frá samþykkt laganna. Lögin falla úr gildi, ef kjósendur hafna þeim, en annars halda þau gildi sínu. ...
<i>81. gr., 1. mgr., 2. málsl. frh.</i>		<i>66. gr., 2. mgr.</i>	<i>65. gr., 2. mgr.</i>
Til bóta hjá SN2013 að stytta tímenn frá því sem SLR og SEN lögðu til.	... og skal atkvæðagreiðslan fara fram innan þriggja mánaða frá því að staðfest krafa þess efnis liggur fyrir. ...	Þjóðaratkvæðagreiðslan skal fara fram innan árs frá því að krafa kjósenda var lögð fram.	Þjóðaratkvæðagreiðslan skal fara fram innan árs frá því að krafa kjósenda var lögð fram.
<i>81. gr., 1. mgr., 3. málsl.</i>		<i>68. gr., 1. mgr. 68. gr., 1. mgr., 1. málsl.</i>	<i>67. gr., 1. mgr. 67. gr., 1. mgr., 1. málsl.</i>
... Fjárlög, fjárukalög, lög um skattamálefni og lög sem sett eru til að framfylgja þjóðréttarskuldbindingum verða ekki borin undir þjóðina samkvæmt þessari málsgrein.	... Á grundvelli þeirra er hvorki hægt að krefjast atkvæðagreiðslu um fjárlög, fjárukalög, lög sem sett til að framfylgja þjóðréttarskuldbindingum né heldur um skattamálefni eða ríkisborgarétt. ...	Mál sem lagt er í þjóðaratkvæðagreiðslu að kröfu eða frumkvæði kjósenda samkvæmt ákvæðum 65. og 66. gr. skal varða almannahag. ...	Mál sem lagt er í þjóðaratkvæðagreiðslu að kröfu eða frumkvæði kjósenda samkvæmt ákvæðum 65. og 66. gr. skal varða almannahag. ...
<i>81. gr., 2. mgr.</i>		<i>113. gr., 4. mgr.</i>	<i>111. gr., 3. mgr.</i>
Hjá SLR og SEN er skilyrðislaus krafa um þjóðaratkvæðagreiðslu um samþykkt Alþingis á valdaframsali. Hjá SN2013 fær þriðjungur þings vald til að kalla eftir þjóðaratkvæðagreiðslu en aðeins hafi 2/3 þings samþykkt valdasalsfrv. En hafi það gerst er vart fyrir hendi þriðjungur til að kalla eftir þjóðaratkvæðagreiðslu. Ákvæðið viðir þvi næsta máttlaust eða vanhugsað.	Þriðjungur þingmanna getur krafist þess að ályktun Alþingis samkvæmt 21. gr. verði borin undir þjóðina í almennri, leynilegri og bindandi atkvæðagreiðslu. [...] Krafa þriðjungs þingmanna þarf að berast forseta Alþingis innan þriggja daga frá afgreiðslu Alþingis. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal fara fram innan þriggja mánaða frá móttöku kröfunnar.	Við gerð þjóðréttarsamninga um aðild Íslands að alþjóðastofnunum sem fara með yfirþjóðlegt vald og falla undir 1.-3. mgr. skulu heimildarlög borin undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar.	Samþykki Alþingi fullgildingu samnings sem felur í sér framsal ríkisvalds skal ákvörðunin borin undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar. Niðurstaða slíkrar þjóðaratkvæðagreiðslu er bindandi.

**Athugasemdir og spurningar
Þorkels Helgasonar**

Jákvætt með grænu
Neikvætt rautt

Engin dómur um svart,
heldur ekki þar sem reitur er auður

SN2013 20jan

Frv. drög stjórnarskrárnefndar
frá 19. nóv. 2015

SEN:

Breytt frv. með breytingartillögum við
frumvarp til stjórnarskipunarlaga um
stjórnarskrá lýðveldisins Íslands

SLR:

Frumvarp stjórnlagaráðs

Frá meiri hluta stjórnarskipunar- og eftirlitsnefndar
(VBj, Ál, LGeir, MT, MSch)

	81. gr., 3. mgr.	66. gr., 1. mgr., 4. másl.	65 gr., 1. mgr., 4. másl.
	Alþingi getur ákveðið að fella úr gildi lög eða afturkalla ályktun áður en til þjóðaratkvæðagreiðslu kemur og fer hún þá ekki fram.	Alþingi getur þó ákveðið að fella lög úr gildi áður en til þjóðaratkvæðis kemur eða fresta gildistöku þeirra þar til atkvæðagreiðslan hefur farið fram.	Alþingi getur þó ákveðið að fella lög úr gildi áður en til þjóðaratkvæðis kemur.
<p>Hér er vafasamt ákvæði hjá SN2013; sjá (væntanleg) skrif ÞH þar um. En hlutfallið er þó aðeins 25%.</p>	<p>81. gr., 4. mgr.</p> <p>Til þess að hnekkja lögum eða ályktunum samkvæmt þessari grein þarf meiri hluti í þjóðaratkvæðagreiðslu, þó minnst fjórðungur kosningarbærna manna, að synja þeim samþykktis.</p>		
<p>Ekkert hjá SN2013 um þingmál að frumkvæði kjósenda. Virðast ekki ætla að taka á því nú.</p>		67. gr.	66. gr.
		Þingmál að frumkvæði kjósenda.	Þingmál að frumkvæði kjósenda.
		67. gr., 1. mgr.	66. gr., 1. mgr.
		Tveir af hundraði kjósenda geta lagt fram frumvarp til laga eða tillögu til þingsályktunar á Alþingi.	Tveir af hundraði kjósenda geta lagt fram þingmál á Alþingi.
		67. gr., 2. mgr.	66. gr., 2. mgr.
		Tíu af hundraði kjósenda geta lagt frumvarp til laga fyrir Alþingi. Alþingi getur lagt fram gagnaframtöl í formi annars frumvarps. Hafi frumvarp kjósenda ekki verið dregið til baka skal bera það undir þjóðaratkvæði svo og frumvarp Alþingis komi það fram. Alþingi getur ákveðið að þjóðaratkvæðagreiðslan skuli vera bindandi.	Tíu af hundraði kjósenda geta lagt frumvarp til laga fyrir Alþingi. Alþingi getur lagt fram gagnaframtöl í formi annars frumvarps. Hafi frumvarp kjósenda ekki verið dregið til baka skal bera það undir þjóðaratkvæði svo og frumvarp Alþingis komi það fram. Alþingi getur ákveðið að þjóðaratkvæðagreiðslan skuli vera bindandi.
		67. gr., 3. mgr.	66. gr., 3. mgr.
		Þjóðaratkvæðagreiðsla um frumvarp að tillögu kjósenda skal fara fram innan tveggja ára frá því málið hefur verið afhent Alþingi.	Atkvæðagreiðsla um frumvarp að tillögu kjósenda skal fara fram innan tveggja ára frá því málið hefur verið afhent Alþingi.
		68. gr.	67. gr.
		Framkvæmd undirskriftasöfnunar og þjóðaratkvæðagreiðslu.	Framkvæmd undirskriftasöfnunar og þjóðaratkvæðagreiðslu.
	81. gr., 5. mgr.	68. gr., 2. mgr.	67. gr., 2. mgr.
	Með lögum skal mælt nánar fyrir um upphafstíma og fyrirvar undirskriftasöfnunar, form og söfnun undirskrifta, miðlun upplýsinga, framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu ...	Í lögum skal kveðið á um framkvæmd málskots eða frumkvæðis kjósenda, svo sem um form og fyrirvar fyrir kröfunni, tímalfrest til söfnunar undirskrifta og um fyrirkomulag þeirra, hverju megi til kosta við kynningu á meðferð málsins á Alþingi, hvernig afturkalla megi kröfuna að fengnum viðbrögðum Alþingis, svo og um hvernig haga skuli atkvæðagreiðslu.	Í lögum skal kveðið á um framkvæmd málskots eða frumkvæðis kjósenda, svo sem um form og fyrirvar fyrir kröfunni, tímalfrest til söfnunar undirskrifta og um fyrirkomulag þeirra, hverju megi til kosta við kynningu, hvernig afturkalla megi kröfuna að fengnum viðbrögðum Alþingis svo og um hvernig haga skuli atkvæðagreiðslu.

**Athugasemdir og spurningar
Þorkels Helgasonar**

Jákvætt með grænu
Neikvætt rautt

Engin dómur um svart,
heldur ekki þar sem reitur er auður

SN2013 20jan

Frv. drög stjórnarskrárnefndar
frá 19. nóv. 2015

SEN:

Breytt frv. með breytingartillögum við
frumvarp til stjórnarskipunarlaga um
stjórnarskrá lýðveldisins Íslands

SLR:

Frumvarp stjórnlagaráðs

81. gr., 5. mgr., frh.

... og lausn ágreiningsmála fyrir dómstólum.

68. gr., 1. mgr., 3.-5. másl.

... Rísi ágreiningur um hvort mál uppfylli framangreind
skilyrði skera dómstólar þar úr. Þess skal gætt að frumvarp
að tillögu kjósenda samrýmist stjórnarskrá. Rísi ágreiningur
þar um skal leita álits Löggréttu.

67. gr., 1. mgr., 4. másl.

... Rísi ágreiningur um hvort mál uppfylli framangreind
skilyrði skera dómstólar þar úr.

107. gr.

107. gr., 2. mgr.

Rétti íbúa sveitarfélags til þess að óska eftir
atkvæðagreiðslu um málefni þess skal skipað með lögum.

3. gr.

Þetta merkir væntanlega að lögin í heild, allar þrjár
greinarnar verða bornar undir þjóðaratkvæði sem heild.
Ekki verður hægt að kjósa um þær aðskilið. Er það
lýðræðislegt?

Tillögugreinarnar eru þó óháðar hver annarri. Því er hægt
vandi að skipta þeim í fjögur sjálfstæð frumvörp:

I. 1. gr. (alþjóðasamningar)

II. 2. gr. a-liður (umhverfisvernd)

III. 2. gr. b-liður (náttúruauðlindir)

IV. 2. gr. c-liður (þjóðaratkvæðagreiðslur)

Lög þessi öðlast gildi að fengnu samþykki í
þjóðaratkvæðagreiðslu, sbr. ákvæði um stundarsakir.